


Steina Vasulka gerir verk fyrir LÍ



„Nýr heimur - Stafrænar sýnir“ er samheiti á fjórum sýningum sem verða í Listasafni Íslands á Listahátíð í Reykjavík. Meðal þess sem þar verður sýnt er video-innsetning sem Steina Vasulka mun gera sérstaklega fyrir Listasafn Íslands af þessu tilefni og er styrkt af Listahátíð. Steina Vasulka er einn af brautryðjendum í heiminum í notkun stafrænnar tækni í myndlist. Hún hóf tilraunastarf í þeim efnum þegar á sjöunda áratugnum og hefur á síðari árum hlotið margvíslega viðurkenningu austan hafs og vestan fyrir nýsköpun í myndlist. Steina hefur ekki bara tekið tæknina í þjónustu myndlistarinnar, með því að gefa okkur stafrænar myndir af heimin-

um, heldur hefur hún gert tæknina sjálfa að viðfangsefni lístar sinnar með frumlegum hætti og varpað þannig nýju ljósi á tengsl myndmálsins og þess sem myndað er. Jafnframt hafa verk hennar varpað nýju ljósi á hin flóknu tengsl mannlægs sjónskyns og þess sjónskyns sem býr í tækninni, og þau gagnverkandi hrif sem þar eru að verki.

Steina Vasulka hefur verið búsett í Bandaríkjunum frá því á 7. áratugnum, og er þetta í fyrsta sinn sem hún gerir video-verk sérstaklega fyrir íslenska aðila. Sýningar hennar er því beðið með mikilli eftirvæntingu.